Alþingi
Erindi nr. Þ 138/497
komudagur 7.12.2009

SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi,
Efnahags- og skattanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 2009

**Efni: Tillaga að breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.**

Í 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt segir nú m.a.:

> „Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:
> 1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur. Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
> 2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og vátryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 22. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.
> ..."

Samtök fjármálafyrirtækja leggja til að svohljóðandi breyting verði gerð á 2. tl. 28. gr. laganna:

> *Á eftir orðinu „líftryggingafjár" í 2. tölul. 28. gr. laganna, kemur orðið „sjúkdómatryggingafjár,".*

Á meðfylgjandi minnisblaði er gerð nánari grein fyrir tillögu SFF og þeim röksemdum sem að baki henni búa. Fulltrúar SFF eru hvenær sem er reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. SFF

Helga Jónsdóttir hdl.

**Sjúkdómatrygging:** Er trygging gegn alvarlegum sjúkdómum sem vátryggingartaki kaupir af nettó launatekjum (eftir skatt) til að bæta miska af því sem hlýst af því að greinast með alvarlegan sjúkdóm eða varanlega örorku af völdum slyss. Bætur úr sjúkdómatryggingu eru eingreiðslubætur.

**Sjúkdómatrygging telst til líftrygginga**, samkvæmt lögum um vátryggingasamninga.

**Tekjuskattslög:** Samkvæmt 2. tl 28. gr. tekjuskattslaga er eignaauki „sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu, undanþeginn tekjuskatti.

- Sjúkdómatryggingar hafa verið í boði á Íslandi síðan 1996, eða í 13 ár.
- 44.000 virkar sjúkdómatryggingar í dag hérlendis.
- Snýr að alvarlegum sjúkdómum (critical illness).
- Bætur greiddar út sem eingreiðslur.
- Að meðaltali um 400 millj. kr. verið greiddar út undanfarin ár.
- Bótaþegar aldrei greitt skatt af slíkum bótum, enda keyptar fyrir launatekjur eftir skatt.
- 28. gr. tekjuskattslaga „Hvað telst ekki til tekna" undanskilur eingreiðslubætur.
- 2. tölul. 28. gr. tekjuskattsl. telur m.a. um „greiðslu líftryggingafjár" sem óskattskyldar tekjur.
- Samkvæmt vátryggingasamningalögum eru sjúkdómatryggingar hluti líftrygginga.
- Sjúkdómatryggingar eru algengar í nágrannaríkjum (enda erlend félög sem fyrst buðu hér á landi). Þar eru þær hvergi skattskyldar. Íslensku lögin um þær eru eins og þau norsku.
- Bætur úr sjúkdómatryggingum draga án vafa úr ásókn í bætur úr almannatryggingakerfi.

**Staðan í dag:**

- Yfirskattanefnd staðfesti 20.5.09 úrskurð skattstjóra Reykjaness þess efnis að bótafjárhæð úr sjúkdómatryggingu sé tekjuskattsskyld. Skattyfirvöld horfa þar í engu til samspils skattalaga við vátryggingasamningalög, heldur þess eins að orðið „sjúkdómatryggingar" er ekki nefnt í 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Sú niðurstaða tekur ekki tillit til forms sjúkdómatrygginga sem eingreiðslu og er úr takti við alla framkvæmd í nágrannaríkjum Íslands. Þá skal haft í huga að orðalag gildandi ákvæðis skattalega er efnislega óbreytt frá því á 7. áratugnum. Niðurstaða yfirskattanefndar að óbreyttu mun leiða til þess að sérstakar álögur eru lagðar á þá sem eiga um sárt að binda vegna alvarlegra sjúkdóma, og þá jafnframt auka álag á almannatryggingakerfið.

- Úrskurði yfirskattanefndar hefur verið áfrýjað til dómstóla. Niðurstaða úr því máli mun án vafa taka langan tíma, því líklegt að fari alla leið til Hæstaréttar. Óvissan í millitíðinni er óbærileg fyrir jafnt aðila sem bjóða slíkar tryggingar sem og fyrir þá sem keypt hafa eða hyggjast kaupa slíkar tryggingar.

- SFF hafa leitað til fjármálaráðuneytis um að ráðuneytið hafi forgöngu um lagabreytingu en fengið neikvæð viðbrögð. Ráðuneytið vísar til dómsmeðferðar.

- SFF telja brýnt að sem fyrst verði gerð sú breyting á 2. tölul. 28. gr. tekjuskattslaganna að orðið „sjúkdómatryggingar" verði fellt þar inn.

Viðauki:

**Skattalöggjöf á Norðurlöndum**

Dönsku skattalögin:

**Afsnit II A**
**Indkomstskattepligtige pensionsordninger, forsikringer m.v.**

*Stk. 4.* Syge- og ulykkesforsikringer som nævnt i stk. 1, nr. 5, og garantiforsikringer eller lignende omfattet af stk. 1, nr. 6, er undtaget fra beskatningen efter stk. 3. Det samme gælder livsforsikringer, der alene kan komme til udbetaling i tilfælde af den forsikredes død, invaliditet eller livstruende sygdom inden forsikringens aftalte udløbstidspunkt, såfremt det aftalte udløbstidspunkt ikke ligger senere end første policedag efter den forsikredes fyldte 80. år.

Sjá líka link

Norsku skattalögin:

**LOV 1999-03-26 nr 14: Lov om skatt av formue og inntekt (skatteloven).**

**§ 5-21.** *Skattefri kapitalinntekt*
(1) Forbruksgjenstander som klær, innbo, personbiler, lystbåter o.l., regnes ikke som inntektsgivende når de brukes av eieren eller eierens familie.

(2) Utbetaling av livsforsikring (kapitalforsikring) regnes ikke som inntekt, unntatt

a. ved utbetaling fra forsikringsselskap hjemmehørende i en stat utenfor EØS-området, eller
b. hvor forsikringen er tegnet av arbeidsgiver til fordel for ansatt, medeier, aksjonær eller disses nærmeste familie, jf. § 10-11 annet ledd, i den utstrekning disse ikke tidligere er skattlagt for innbetalt premie.
c. hvor skattlegging skjer ved utbetaling etter § 5-20 annet ledd.

Sænsku skattalögin:

**Inkomstskattelag (1999:1229)**
**8 kap. Inkomster som är skattefria:**
**15 §** Ersättningar vid sjukdom eller olycksfall som betalas ut på grund av en försäkring som inte tecknats i samband med tjänst är skattefria. Detta gäller dock inte ersättningar
1. i form av pension,
2. i form av livränta, om inte annat följer av 11 kap. 37 §, eller
3. på grund av trafikförsäkring, ansvarsförsäkring eller skadeståndsförsäkring om ersättningen avser förlorad inkomst som skulle ha tagits upp som intäkt.

Med skadeståndsförsäkring avses en försäkring som ersätter den försäkrade det skadestånd som han har rätt till för personskada vid överfall och liknande.

Bestämmelser om sådana ersättningar i samband med sjukdom m.m. som grundar sig på förvärvsinkomst finns i 11 kap. 30 §. Bestämmelser om ersättningar som betalas ut på grund av avtalsgruppsjukförsäkring finns i 11 kap. 20 § och 15 kap. 9 §.

**Upplýsingar frá tryggingafélögum í nágrannaríkjum:**

Svíþjóð:
<u>**Svealand**</u> Kritisk Sjukdomsförsäkring är tänkt att vara ett stöd i en tid då du känner behov av att genomföra vissa förändringar i livet som en följd av sjukdomen.Ett engångsbelopp utbetalas till dig om du drabbas. **Skatteregler.** Ersättningen från försäkringen är fri från inkomstskatt

Noregur:
<u>**Storebrand**</u> Kritisk Sykdom er en forsikring hvor du får utbetalt en engangssum hvis du blir rammet av en aivorlig sykdom. Pengene utbetales raskt og utbetalingen er skattefri. **Utbetaling av forsikringssum.** Forsikringssummen er en skattefri engangsutbetaling. Denne utbetales når sykdom er konstatert, operasjon er gjennomført eller når du venter på transplantasjon. Det forutsettes at du er i live 30 dager etter at diagnose er stilt, operasjon er gjennomført eller du er satt på venteliste til operasjon.

Danmörk
Sjá bls. 13 á eftirfarandi <u>link – efsta röðin</u>
Kritisk sygdom. Udbetaling sker som en sum. Enhver udbetaling er skattafri

Bretland
***The idea of critical illness insurance is to provide a tax free lump sum should the insured be diagnosed with a specified critical illness.***
When you ask for a quote for life insurance, think also about asking for critical illness cover insurance which could also be given at little or no extra cost to yourself. This cover alongside your life insurance would pay you a lump sum if you are told that you have a critical illness by your Doctor. Critical illness cover is normally only allowed along with life assurance cover, this is commonly known as *life and critical Illness cover*.
If you have been told that you have a critical illness and your cover pays out you may want to use the money to help with medical bills or you may need things done to your house to make you cope better with your condition. your payout from your cover would also be tax free. Critical illness may be classed as heart attacks and kidney problems, cancer, strokes etc.
Critical illness cover is different from Income protection. This is when you have not been able to work for a set length of time, i.e.- about six months and it will pay out a monthly amount.